

HVERNIG SÆKJA Á UM FRAMHALDSNÁM VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2019 – 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur um framhaldsnám við Háskóla Íslands er frá byrjun mars til og með **15. apríl**. Umsóknarfrestur til að hefja nám á vormisseri er frá miðjum september til og með 15. október. Á vef HÍ má finna upplýsingar um [námsframboð í framhaldsnámi](#) við skólann. Inntökuskilyrði í framhaldsnám við HÍ eru mismunandi eftir námsgreinum. Hægt er að leita ráðgjafar og upplýsinga um námsval hjá [Náms- og starfsráðgjöf HÍ, starfsmönnum deildaskrifstofa](#), á vef skólans (www.hi.is) og í Kennsluskrá HÍ.

Rafrænt umsóknareyðublað

Einungis er hægt að sækja um nám með rafrænum hætti og er [rafrænt umsóknareyðublað](#) aðgengilegt á vef Háskóla Íslands á ofantöldum umsóknartímabilum. Eingöngu er tekið við rafrænum umsóknum á tilsettum umsóknartímabilum. Nánari upplýsingar um umsókn er hægt að fá hjá viðeigandi deildarskrifstofu, [Nemendaskrá](#) sem er opin alla virka daga frá kl. 9:00-12:00 og frá 12:30-15:00 eða á [Þjónustuborði Háskólators](#) sem er opið frá kl. 8:30-17:00 alla virka daga nema föstudaga þá lokar kl. 16:00.

Staðfest ljósrit/afrit af prófskírteini

Þeir sem hafa lokið námi frá öðrum háskólum en HÍ þurfa að skila frumriti eða staðfestu ljósriti/afriti af prófskírteini (með undirritun og lituðum stimpli frá skóla) á pappírformi til [Nemendaskrár HÍ, 3. hæð Háskólators, 101 Reykjavík](#). Umsækjendur sem lokið hafa grunnnámi frá HÍ eftir 1981 þurfa ekki að skila afriti af prófskírteini. Skila þarf öllum fylgigögnum eigi síðar en 29. apríl fyrir haustmiserið og 30. október fyrir vormisserið. Umsækjendur sem áætla að ljúka fyrstu háskólagráðu í júní eða október skila vottorði/staðfestingu um námslok til deildarskrifstofu, nemendur HÍ þurfa ekki að skila inn slíkri staðfestingu.

Síðasti skiladagur fylgigagna er 29. apríl vegna haustmiseris og 30. október vegna vormiseris.

Ýmis fylgigögn

Hægt er að senda ýmis fylgigögn rafrænt, á pdf formi, með umsókn. Sumar deildir skólans gera kröfur um að sérstök fylgigögn séu sett inn í umsóknina. Á vef HÍ – umsókn um nám - er hægt að finna upplýsingar yfir [möguleg rafræn fylgigögn](#) sem hægt er að setja inn með umsókn. Nánari upplýsingar varðandi fylgigögn með umsókn er hægt að fá hjá [viðeigandi deildarskrifstofu](#). Ef óskað er eftir meðmælalabréfi ber umsækjanda að biðja umsagnaraðila að senda það beint til Nemendaskrár, umsokn@hi.is.

Veflykill til að fylgjast með umsókn

Við lok skráningu umsóknar þarf að staðfesta umsóknina. Að því loknu fá umsækjendur sendan veflykil í tölvupósti sem þarf að varðveita vel. Á [upplýsingasíðu fyrir umsækjendur](#) (www.nynemar.hi.is) þarf að fylgjast með framgangi umsóknarinnar og opna >Staða umsóknar>Fylgjast með stöðu... og slá þar inn kennitölu og veflykil. Veflykillinn er einungis notaður til að komast inn á þessa síðu. Ef veflykill glatast getur umsækjandi haft samband við Nemendaskrá HÍ, umsokn@hi.is, s: 525-4309 eða Þjónustuborðið Háskólators, haskolatorg@hi.is, s: 525-5800.

Skrásetningargjald

Ef umsókn er samþykkt birtist krafa um greiðslu skrásetningargjalds í netbanka umsækjanda ásamt rafrænum reikningi. Ef umsækjandi sótti um í fleiri en eina námsleið og fær samþykki inn í nám í báðar eða fleiri þarf að hafa samband við Nemendaskrá, nemskra@hi.is og tilkynna hvaða nám umsækjandi hyggst ætla að stunda. Ef óskað er eftir að fá greiðsluseðil sendan á lögheimili þá þarf að velja þann möguleika í rafrænu umsókninni. Skrásetningargjald HÍ er kr. 75.000 og er **eindagi skrásetningargjaldsins 4. júlí**. Eftir eindaga fellur krafan niður og jafnframt vilyrði um skólavist.

[Nánari upplýsingar varðandi skrásetningargjöld Háskóla Íslands má finna á heimasíðu skólans.](#)

Skrásetningargjaldið er ekki endurgreitt, hætti stúdent námi.

Ugla: notandanafn og lykilorð

Sólarhring eftir að skrásetningargjaldið hefur verið greitt geta nýir nemendur við HÍ farið inn á [upplýsingasíðu fyrir umsækjendur](#) (www.nynemar.hi.is). Þar skal ýta á >Notandanafn og lykilorð>Sækja notandanafn og lykilorð og slá inn kennitölu og veflykil til að úthluta sér notandanafni og lykilorði fyrir Uglu, innri vef Háskóla Íslands. Nýja notandanafnið og lykilorðið virkjast á tveimur klukkustundum, að þeim tíma liðnum geta nemendur byrjað að nota Ugluna www.ugla.hi.is.